

## Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Fimmtudaginn 13. júní var 2023 haldinn fundur í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurþrófастsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt voru: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri auk Bryndísar Möllu Elídóttur þrófаст. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
  2. Lykilmælikvarðar
  3. Stefnumótun
  4. Likhúsmál
  5. Önnur mál
- 
1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
  2. Framkvæmdastjóri fór yfir lykilmælikvarða fyrir fyrstu 5 mánuði ársins 2022. Tap er af reglulegi starfsemi og á það við alla kirkjugarða á landinu. Ljóst er að það þarf að bregðast við. Leita verður leiða til að hagræða enn frekar í rekstri og hefja viðræður við dómsmálaráðuneytið um nýjan þjónustusamning. Fjöldi bálfara nánast sá sami og á síðasta ári.
  3. Farið var yfir stefnumótun. Framkvæmdastjóri kynnti nokkrar hugmyndir að skipulagi sem kynntar verða nánar á næsta fundi. Einnig voru kynntar hugmyndir að breytingum sem hægt er að ganga í fljótt og vel í lok sumars og í haust. Útfæra þarf stefnuna nánar og mun framkvæmdastjóri vinna að því ásamt stjórn og starfsfólki. Nokkrar umræður voru á fundinum. Nánari útfærsla og tillögur verða kynntar á næsta fundi. Gert er ráð fyrir að innleiðingarhluti stefnumótunar muni hefjast síðsumars og í haust.
  4. Framkvæmdastjóri fór yfir líkhúsmál. Ljóst er að engar tekjur koma fyrir rekstur líkhúss og athafnarými og eru miklar fjárfestingar framundan auk þess sem líkhús er sprungið vegna plássleysis. Taka þarf ákvörðun um framhaldið fljótlega. Kirkjugarðurinn í Hafnarfirði er að loka líkhúsinu sem mun skapa enn frekari þrýsting á líkhúsið hjá KGRP en um 18 pláss eru í Hafnarfirði. Tölverður kostnaður hlýst af rekstrinum sem bitnar á öðrum þáttum eins og umhíðu. Bréf var sent á ráðuneytið þar sem gerð er grein fyrir stöðunni og er von á fundi með ráðherra til að fara yfir málefnið.
  5. Önnur mál. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir uppgerð ofnanna í bálstofunni sem gekk vel. Líklega verða ofnarnir afkastameiri um allt að 10% til 15% og bruninn verður hreinni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 9:30.

Egill Heiðar Gíslason  
Kristján Guðmundsson  
Emilía G. Svavarsdóttir  
Ingvar Stefánsson